

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Sigríði Á. Andersen.

Hvernig skiptist losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi á eftirfarandi geira á árinu 2012, þegar tekið er tillit til nýjasta mats á losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi miðað við losunarstuðla í leiðbeiningum IPCC, sbr. svar ráðherra í 317. máli á 144. löggjafarþingi, þar sem fram kemur að ef miðað er við losunarstuðla í leiðbeiningum IPCC nemur losun frá framræstu landi í skóglendi 3,6 þúsundum tonna CO₂-ígilda, losun frá framræstu ræktuðu landi 2,16 milljónum tonna CO₂-ígilda og losun frá framræstu mólendi 9,47 milljónum tonna CO₂-ígilda:

- a. rafmagn og hita,
- b. umferð fólksbíla,
- c. aðrar samgöngur en með fólksbílum,
- d. sjávarútveg,
- e. iðnað/efnanotkun,
- f. landbúnað,
- g. úrgang,
- h. framræst mólendi,
- i. framræst skóglendi,
- j. framræst ræktað land,
- k. aðra geira, ef um þá er að ræða?

Spurt er um magnlosun (tonn CO₂-ígilda) og hlutfallslega losun (%) gróðurhúsalofttegunda.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurn um sama efni var lögð fram á 144. löggjafarþingi (þskj. 1115 í 649. máli). Tölur í svari ráðherra við þeirri fyrirspurn (þskj. 1230) um losun frá framræstu landi miðað við losunarstuðla í leiðbeiningum IPCC virðast ekki í samræmi við tölur í svari ráðherra við annari fyrirspurn (þskj. 579 í 317. máli) og var því fyrirspurnin lögð fram að nýju (þskj. 1616 í 818. máli) en ekki náðist að svara henni og er því fyrirspurnin lögð fram enn á ný.